

**430. Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,
miðvikudaginn 15. júní 2011 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari.

Oddviti hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki.
Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

- 1. 1105014F - Fjallskilanevnd - 5**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 2. 1106004 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 787.fundar
stjórnar þann 27.maí 2011**
Lagt fram tilkynningar.
- 3. 1106013 - Kjör oddvita og varaoddvita.
Skv. 14 gr sveitastjórnalaga nr 45/1998.**
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir kjörin oddviti og Birna Sigurbjörg Benediktsdóttir varaoddviti, samþykkt samhljóða.
- 4. 1102033 - Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006 - 2018, breyting.**
Fyrir fundinum liggur lýsing á skipulagsverkefni og matslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu og að hún verði auglýst skv. 30.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýsing verði í formi auglýsingar á heimasíðu, með dreifibréfi í hvert hús á Tálknafirði og hengt upp í verslun, banka og íþróttamiðstöð. Leitað verður umsagnar hjá Skipulagsstofnun og öðrum viðeigandi aðilum. Samþykkt samhljóða.
- 5. 1105082 - Umhverfisstofnun - Eftirlit með leiksvæðum**
Senda til skólastjóra og deildarstjóra á leikskóladeild til úrlausnar. Samþykkt samhljóða.
- 6. 1105058 - Siglingastofnun styrkúthlutun 2011 úr B-deild Hafnabótasjóðs**
Á fundi hafnarráðs hinn 31. mars 2011 var samþykkt tillaga Siglingastofnunar Íslands um styrkveitingu úr B-deild Hafnabótasjóðs til nýframkvæmda í hafnargerð í Tálknafirði fyrir árið 2011. Tillagan síðan samþykkt af Fjárlaganefnd Alþingis þ. 10.maí 2011. Upphæð styrksins er kr. 11.500.000.- og mun hann greiðast út í hlutfalli við verkstöðu.Lagt fram til kynningar.
- 7. 1106010 - Umhverfisráðun. - ný byggingarreglugerð.
Umsögn um framkomin vinnudrög.**
Erindið sent forstöðumanni bygginga- og tæknideildar til yfirlstrar og ef engar ábendingar berast fyrir lok júlí verður engin umsögn send. Samþykkt samhljóða.

- 8. 1106011 - Umhverfisráðun - framkvæmdarleyfi - umsögn**
Berist engar ábendingar fyrir lok júlí verður engin umsögn send. Samþykkt samhljóða.
- 9. 1106014 - Tillaga um kennslufyrirkomulag skólaárið 2011-2012**
Hreppsnefnd samþykkir að úthluta Grunnskóladeild heildarfjölda kennslustunda til ráðstöfunar á skólaárið 2011-2012, alls 133 st.sem er sami fjöldi og var á síðasta skólaári. Nánari útfærsla um kennslufyrirkomulag verði í höndum skólastjóra og starfsmanna skólans og verði síðan lagt fyrir skólanefnd. Samþykkt samhljóða.
- 10. 1106037 - Vesturbyggð áhrif nýrra mannvirkjalaga og beiðni um viðræður og hugsanlega sameiningu nefnda.**
Beiðni um viðræður um hugsanlega sameiningu nefnda Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Fyrsti fundur verður haldinn 16. júní nk. Samþykkt samhljóða.
- 11. 1106033 - Reglur um fyrirfram greiðslu launa**
Reglur um fyrirframgreiðslu launa. Hreppsnefnd Tálknafjarðar samþykkir að fyrirframgreiðslur launa verði ekki heimilaðar hjá Tálknafjarðarhreppi. Samþykkt samhljóða.
- 12. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**
Beiðni hefur borist frá stjórn Tálknafjörðs um að sléttaður verði hluti svæðisins milli Strandgötu og Bugatúns og óskað eftir að Tálknafjarðarhreppur standi straum af kaupum á túnþökum á svæðið. Samþykkt samhljóða. Rætt um íbúafundinn sem haldinn var vegna nýs fyrirkomulags á sorphreinsun, einnig var rætt um sumarstörf.
Oddvita heimilað að taka tilboði upp á tæpar 2 milljónir til kaupa á nýrri rennibraut við sundlaugina. Samþykkt samhljóða. Erindinu vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2011. Skrifstofa Tálknafjarðarhrepps verður lokuð frá 29. júlí til og með 12. ágúst. Næsti fundur hreppnefndar verður 14. september.
- 13. 1106002 - Umhverfisstofnun - Starfleyfi fyrir kvíaeldisstöð Þórodds ehf - Patreksfirði.**
Lagt fram til kynningar.
- 14. 1106001 - Nýbúaframlag 2011**
Lagt fram til kynningar.
- 15. 1106015 - Brellurnar - áheitasöfnun.**
Lagt fram til kynningar.
- 16. 1106034 - Samband íslenskra sveitarfélaga varðar öryggi á sundstöðum**
Lagt fram til kynningar.
- 17. 1106038 - Umhverfisráðuneytið dagur íslenskrar náttúru 16.september 2011.**
Lagt fram til kynningar.1105014F

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____